

Afkoma ríkissjóðs janúar– september 2004

Mánaðaruppgjör ríkissjóðs fyrir fyrstu níu mánuði ársins liggur nú fyrir. Við samanburð á rekstrarafkomu fyrri ára verður að hafa í huga að mánaðaruppgjörð er nú með breyttu sniði og hefur framsetning afkomufirlits verið færð nær almennum sjóðstreymisfirlitum, þ.e. frá og með janúar 2004. Þetta hefur þau áhrif að gjöldin verða um 5 milljörðum króna hærrí en ella og því ekki samanburðarhæf við fyrri ár. Skatttekjur ríkissjóðs eru hins vegar færðar á sambærilegan máta og áður.

Greiðsluafkoma. Samkvæmt septemberuppgjöri reyndist handbært fé frá rekstri neikvætt um 10,4 milljarða króna sem er um 10,9 milljörðum betri staða en á sama tíma í fyrra. Áætlun fjárlaga gerði ráð fyrir um 4,4 milljörðum króna lakari stöðu en raun varð á. Skýringin er sú að tekjur hækkuðu um 4,2 milljarða umfram hækkun gjalda. Þá reyndust hreyfingar á viðskiptareikningum 0,2 milljörðum króna hagstæðari en gert var ráð fyrir.

Tekjur. Á fyrstu níu mánuðum þessa árs námu heildartekjur ríkissjóðs 201,2 milljörðum króna og hækkuðu um 13,9 milljarða frá sama tíma í fyrra, eða um 7,4%. Þar af námu skatttekjur ríkisins tæpum 187,3 milljörðum króna og aðrar rekstrartekjur og fjárframlög rúmlega 13,9 milljörðum króna. Skattar á tekjur og hagnað námu rúmlega 60,3 milljörðum króna og hækkuðu um 10,2 milljarða frá fyrra ári. Þar af hækkuðu tekjuskattar einstaklinga um 4,9 milljarða og innheimta skatta á tekjur og hagnað lögaðila um 4,2 milljarða króna. Innheimta tryggingargjalda nam 20,4 milljörðum króna sem er 10,1% aukning frá sama tíma í fyrra. Til samanburðar má geta þess að launavísitala Hagstofunnar hækkaði um 4,4% á þessu tímabili og almennt verðlag um 2,9%. Innheimta eignaskatta jókst einnig frá síðasta ári eða um 21,6% sem jafngildir um 18,2% raunhækkun. Hvað veltuskatta ríkissjóðs varðar þá endurspeglar innheimta þeirra vaxandi eftirspurn og neyslu heimilanna. Innheimta veltuskatta var 11,6 milljörðum króna meiri en á sama tímabili í fyrra sem jafngildir um 10,2% hækkun að raungildi. Þar munar mestu um innheimtu virðisaukaskatts sem jókst um 13,8% frá fyrra ári, eða 10,6% að raungildi. Af öðrum óbeinum sköttum má nefna að mikil aukning var í innheimtu tekna af vörugjöldum af ökutækjum eða 36,4% og um 18,4% í innheimtu af þungaskatti. Að öllu samanlögðu eru innheimtutölur fyrstu níu mánuði ársins í takt við þjóðhagsspá fjármálaráðuneytisins frá 1. október sl.

Gjöld. Útgreiðslur fyrstu níu mánuði ársins námu 212,9 milljörðum króna og hækkuðu um 17 milljarða króna á milli ára, en að teknu tilliti til breyttrar færslu gjalda nemur hækkunin um 12 milljörðum króna, eða um 6%. Hækkun milli ára kemur að langmestu leyti fram í auknum útgjöldum til félagsmála, eða 12,5 milljörðum króna. Undir þann málaflokk falla nær ⅔ hlutar af öllum útgjöldum ríkisins. Þannig hækka greiðslur til heilbrigðismála um 4,3 milljarða, til almannatrygginga um 3,5 milljarða og til fræðslumála um 2,5 milljarða. Hækkun til atvinnumála, sem nemur 3,6 milljörðum króna, skýrist að mestu leyti af hækkun framlaga til vegagerðar. Á móti kemur að vaxtagjöldin lækka um 0,9 milljarða á milli ára. Í heild eru greiðslurnar 9 milljörðum umfram áætlun fjárlaga og þar vegur þyngst greiðslur til almannatrygginga, sem eru 3,5 milljörðum umfram áætlun, sem að hluta til skýrist af tilfærslu milli mánaða. Útgjöld til samgöngumála eru 2,2 milljörðum króna umfram áætlun, en þar er verið að ganga á ónýttar fjárheimildir frá því í fyrra. Greiðslur til heilbrigðismála eru 1,4 milljörðum umfram áætlun fjárlaga.

Lánamál. Lántökur námu 40,7 milljörðum króna en afborganir voru 30,8 milljarðar. Þá voru greiddir 5,6 milljarðar króna til Lífeyrissjóðs starfsmanna ríkisins í því skyni að lækka framtíðarskuldbindingar ríkissjóðs. Handbært fé ríkissjóðs jókst um 1,8 milljarða á fyrstu níu mánuðum ársins.

Sjóðstreymi ríkissjóðs janúar-september
(í milljónum króna)

	<u>2000</u>	<u>2001</u>	<u>2002</u>	<u>2003</u>	<u>2004</u>
Innheimtar tekjur.....	148.440	158.218	168.001	187.293	201.207
Greidd gjöld.....	143.572	165.121	184.347	195.857	212.932
Tekjujöfnuður.....	4.868	-6.905	-16.346	-8.564	-11.725
Söluhagn. af hlutabr. og eignahl.	0	3	-3.252	-12.013	0
Breyting rekstrartengdra eigna og skulda.....	456	-2.662	-1.634	-735	1.320
Handbært fé frá rekstri.....	5.324	-9.562	-21.232	-21.312	-10.405
Fjármunahreyfingar.....	1.664	832	8.382	20.202	7.969
Hreinn lánsfjárfjöfnuður.....	6.988	-8.730	-12.850	-1.110	-2.436
Afborganir lána.....	-28.764	-22.213	-22.698	-19.498	-30.843
Innanlands.....	-15.230	-7.409	-10.597	-7.048	-5.676
Erlendis.....	-13.534	-14.804	-12.101	-12.450	-25.166
Greiðslur til LSR og LH.....	-4.500	-10.625	-6.750	-5.625	-5.625

Lánsfjárfjöfnuður, brúttó.....	-27.686	-41.571	-42.297	-26.233	-38.904
Lántökur.....	21.441	36.669	50.238	31.467	40.679
Innanlands.....	2.967	11.843	14.627	30.253	17.430
Erlendis.....	18.474	24.826	35.611	1.214	23.249
Greiðsluafkoma ríkissjóðs.....	-5.747	-4.901	7.940	5.234	1.775

Tekjur ríkissjóðs janúar-september
(Í milljónum króna)

	Breyting frá fyrra ári. %						
	<u>2002</u>	<u>2003</u>	<u>2004</u>	<u>2001</u>	<u>2002</u>	<u>2003</u>	<u>2004</u>
Skatttekjur í heild.....	152.463	162.306	187.264	6,5	3,9	6,5	15,4
Skattar á tekjur og hagnað.....	49.033	50.120	60.327	21,2	3,0	2,2	20,4
Tekjuskattur einstaklinga.....	37.545	39.414	44.306	17,0	9,4	5,0	12,4
Tekjuskattur lögaðila.....	4.428	3.264	7.473	36,4	-39,3	-26,3	128,9
Skattur á fjármagnstekjur o.fl.....	7.061	7.442	8.548	30,4	17,3	5,4	14,9
Tryggingagjöld.....	16.828	18.527	20.405	10,7	8,5	10,1	10,1
Eignarskattar.....	7.337	6.174	7.509	9,9	-2,2	-15,8	21,6
Skattar á vöru og þjónustu.....	78.799	86.996	98.658	-2,1	4,1	10,4	13,4
Virðisaukaskattur.....	51.122	56.313	64.064	-0,9	6,3	10,2	13,8
Aðrir óbeinir skattar.....	27.677	30.683	34.594	-4,0	0,2	10,9	12,7
Par af:							
Vörugjöld af ökutækjum.....	2.178	3.353	4.571	-42,3	-7,2	54,0	36,3
Vörugjöld af bensíni.....	5.592	5.812	6.481	-3,5	-1,4	3,9	11,5
Þungaskattur.....	3.654	3.772	4.469	8,0	-3,1	3,3	18,5
Áfengisgjald og tóbaksgjald.....	6.374	7.432	7.667	-1,9	1,0	16,6	3,2
Annað.....	9.879	10.314	11.406	6,8	3,8	4,4	10,6
Aðrir skattar.....	465	489	365	17,9	8,7	5,3	-25,5
Aðrar tekjur.....	15.538	24.987	13.943	7,5	35,7	60,8	-44,2
Tekjur alls.....	168.001	187.293	201.207	6,6	6,2	11,5	7,4

Gjöld ríkissjóðs janúar-september
(Í milljónum króna)

	Breyting frá fyrra ári. %						
	<u>2002</u>	<u>2003</u>	<u>2004</u>	<u>2001</u>	<u>2002</u>	<u>2003</u>	<u>2004</u>
Almenn mál.....	20.057	19.917	21.758	4,3	20,7	-0,7	9,2
Almenn opinber mál.....	11.354	10.871	11.825	6,5	19,6	-4,2	8,8
Löggæsla og öryggismál.....	8.703	9.046	9.932	1,5	22,1	3,9	9,8
Félagsmál.....	112.582	125.717	138.235	14,6	13,5	11,7	10,0
Par af: Fræðslu- og menningarmál.....	23.831	25.754	29.679	14,2	12,4	8,1	15,2
Heilbrigðismál.....	46.289	51.417	55.726	9,8	15,9	11,1	8,4
Almannatryggingamál.....	35.916	41.296	44.748	21,6	11,1	15,0	8,4
Atvinnumál.....	27.268	28.686	32.250	18,8	3,8	5,2	12,4
Par af: Landbúnaðarmál.....	8.210	8.251	8.795	23,5	1,8	0,5	6,6
Samgöngumál.....	12.315	13.178	15.744	17,9	5,0	7,0	19,5
Vaxtagreiðslur.....	16.403	12.442	11.521	10,2	7,3	-24,1	-7,4
Aðrar greiðslur.....	8.036	9.095	9.169	52,0	3,9	13,2	0,8
Greiðslur alls.....	184.347	195.857	212.933	15,0	11,6	6,2	8,7